

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Hinn 7. apríl 1983 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Akureyrar að í stað áður ráðgerðs íbúðahverfis á horni Bugðusíðu og Arnarsíðu í Glerárhverfi á Akureyri, komi kirkjulóð.

Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 198

7. apríl 1983

REGLUR

um réttindi til að stjórna vinnuvélum.

1. gr.

Með reglum þessum er leitast við að tryggja næga þekkingu, þjálfun og öryggi í meðferð vinnu- og farandvéla, sem upp eru taldar í 3. grein og reglur þessar taka til.

2. gr.

Sá einn getur öðlast réttindi til að stjórna vinnuvélum samkvæmt reglum þessum, er uppfyllir eftirtalin skilyrði:

- a. Er fullra 17 ára.
- b. Hefur ökuréttindi á bifreið.
- c. Hefur lokið tilskildu námi og þjálfun, sbr. 3., 5. og 6. grein.

3. gr.

Náms- og þjálfunarkröfur miðast við stærð og gerð viðkomandi vinnuvéla samkvæmt neðangreindri flokkun:

A. Frumnámskeið.

1. Gaffallyftarar með lyftigetu 1,2—10 tonn miðað við 0,6 m hlássmiðju. Þó getur Vinnueftirlit ríkisins ákveðið í einstökum tilvikum að stjórnendur lyftara með lyftigetu undir 1,2 tonn skuli sækja námskeið skv. þessum staflíð.
2. Dráttarvélar með beintengdum eða vökvaknúnum sértækjabúnaði s.s. loftpressum og skóflum.
3. Körfubílar.
4. Valtarar.
5. Steypudælukranar.
6. Byggingarkranar, sérnámskeið.

Náms- og þjálfunarkröfur.

Námskeið í öryggismálum og slysavörnum haldið á vegum Vinnueftirlits ríkisins.

Að prófi loknu öðlast þátttakendur rétt til verklegar þjálfunar undir umsjón kennara, sbr. 6. grein og að þjálfun lokinni til að gangast undir verklegt próf sbr. 7. grein.